



Dagskrá

Hækkandi lífaldur

Tryggingafræðileg staða sjóðsins

Spurningar og umræður

Númer fundarins á Slido.com: #3410307



Hækkandi lífaldur

Harpa Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Anna Björk Sigurðardóttir sviðsstjóri Lífeyrissviðs



Hækkandi lífaldur

- Nýjar lífslíkur staðfestar af fjármálaráðuneytinu í desember 2021
- Þær byggja á nýrri aðferðafræði þar sem gert er ráð fyrir því að sérhver árgangur lifi lengur en sá næsti á undan í stað þess að gera ráð fyrir að allir árgangar verði jafngamlir
- Eldri lífslíkur voru frá 2018 og byggðust m.a. á dánartíðni árána 2014-2018
- Nýjar lífslíkur gera ráð fyrir lengri ævi hjá öllum Íslendingum en mismikið eftir árgöngum. Því yngri sem einstaklingur er, því lengri er væntur lífaldur hans



Hækkandi lífaldur hjá sjóðfélögum LSR

Breyting á lífslíkum sjóðfélaga LSR:

Aldur	Eldri lífslíkur*	Nýjar lífslíkur*	Hækkun á lífaldri
25 ára	86,9 ára	90,8	3,9 ár
40 ára		90,1	3,2 ár
50 ára		89,5	2,6 ár
60 ára		88,8	1,9 ár

*Lífslíkur frá 67 ára, notað til að reikna fjölda eftirlaunaára. Útreikningar og gögn frá árinu 2022.

Breytingar á lífslíkum í desember 2021 eru af allt annarri stærðargráðu en fyrri breytingar og áhrifin á stöðu sjóða eru fimm til tífalt meiri nú en við fyrri breytingar á lífslíkum




Lífaldur allra sjóðfélaga LSR er að lengjast en mismikið eftir fæðingarári



Viðbrögð LSR tekin í tveimur skrefum

- Viðbrögð LSR eru tvíþætt og verða framkvæmd í tveimur skrefum:
 1. Breyting á réttindaávinnslu til framtíðar í aldurstengdri og jafnri réttindaávinnslu
 - Tók gildi þann 1.1.2023
 2. Breyting á áföllnum réttindum í aldurstengdri og jafnri réttindaávinnslu
 - Er enn í vinnslu hjá sjóðnum, verður í takt við breytingarnar á framtíðarávinnslu



Hvers vegna kallar
hækkandi lífaldur á
viðbrögð lífeyrissjóða?



Jafnvægi



Í starfsemi lífeyrissjóða er lykilatriði að jafnvægi sé á milli eigna og skuldbindinga. Með jafnvægi er átt við að eignir lífeyrissjóðs dugi fyrir bæði áföllnum skuldbindingum og framtíðarskuldbindingum

Eignir

Framtíðarvirði
iðgjalds

=

Skuldbindingar

Árleg fjárhæð
eftirlauna

X

Fjöldi ára á
eftirlaunum

- Við hækkun lífaldurs fjölgar þeim árum sem sjóðfélagi fær eftirlaun og það eykur skuldbindingar lífeyrissjóðs
- Við þessar aðstæður raskast jafnvægi milli eigna og skuldbindinga sem þarf að bregðast við

Áhrif hækkandi lífaldurs

Skuldbindingar

Lífslíkur gefa til kynna hve lengi sjóðfélagi verður á eftirlaunum



Eignir

Lífslíkur gefa til kynna hvert framtíðarvirði iðgjalds verður með 3,5% árlegri ávöxtun

Framtíðarvirði iðgjalds og fjöldi eftirlaunaára stýra því hve mikil réttindi hver iðgjaldagreiðsla getur gefið af sér


Tökum dæmi um Jónu

- Þegar Jóna nær 67 ára aldri er heildarréttindapottur hennar samtals 100 m.kr.
- Fyrir breytingar á lífslíkum var gert ráð fyrir að Jóna yrði 86,9 ára og fengi heildarréttindi sín greidd út á 19,9 árum:

$$\frac{100 \text{ m.kr.}}{19,9 \text{ ár}} = 5 \text{ m.kr. á ári} = 418.760 \text{ krónur á mánuði}$$

- Nýjar lífslíkur gera ráð fyrir að Jóna muni lifa lengur – og því ber að fagna - eða til 89,5 ára. Það þýðir að hún verður á eftirlaunum í 2,6 ár lengur en gert var ráð fyrir, eða í 22,5 ár. Það kallar á endurútreikning á mánaðarlegum réttindum hennar með því að dreifa heildarréttindum hennar á lengri tíma:

$$\frac{100 \text{ m.kr.}}{22,5 \text{ ár}} = 4,4 \text{ m.kr. á ári} = 370.370 \text{ krónur á mánuði}$$



Réttindaávinnsla í A-deild LSR

- A-deild LSR er með tvenns konar réttindakerfi:
 - **Aldurstengd ávinnsla** og 67 ára viðmiðunaraldur lífeyristöku
 - Stofnuð 1.6.2017
 - Réttindaávinnsla fer eftir aldri sjóðfélaga. Því yngri sem sjóðfélaginn er, því meiri réttindi fást þar sem iðgjaldið ávaxtast lengur
 - Aldurstengd réttindaávinnsla er almennt notuð hjá íslenskum lífeyrissjóðum
 - **Jöfn ávinnsla** og 65 ára viðmiðunaraldur lífeyristöku fyrir breytingar
 - Í jafnri ávinnslu fást sömu réttindi fyrir iðgjald óháð aldri sjóðfélaga
 - Jafnri ávinnslu var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum þann 1. júní 2017



Aldurstengd réttindaávinnsla **fyrir** hækkun lífaldurs

Dæmi

Eldri forsendur AT réttindaávinnslu:		
Áætlaður lífaldur:	86,9	
Áætlaður árafjöldi á eftirlaunum:	19,9	
Réttindatafla LSR: Árleg eftirlaun frá 67 ára fyrir 10.000 kr. iðgjald:		
Aldur	kr. á ári	kr. á ævi
25	2.206	43.999
40	1.413	28.119
50	1.086	21.611
60	833	16.577

Greitt iðgjald

50 ára	kr. 10.000
-----------	---------------

Framtíðarvirði iðgjalds (eign)

Iðgjald til eftirlauna +
3,5% ávöxtun á ári
= kr. 21.611

=

Eftirlaunaréttindi (skuldbinding)

1.086 kr. á ári
í 19,9 ár
= kr. 21.611

Eignir eru í jafnvægi við skuldbindingar

Árleg eftirlaun í réttindatöflu fyrir breytingar eru í samræmi við vænt framtíðarvirði iðgjalds miðað við eldri lífslíkur (86,9 ára)

Réttindatafla


Aldurstengd réttindaávinnsla **eftir** hækkun lífaldurs

Dæmi




- Heildareftirlaun hækka en virði iðgjalds helst óbreytt
- Réttindaávinnsla út frá réttindatöflu fyrir breytingar er ekki lengur í jafnvægi við virði iðgjalda
- Réttindi yngri sjóðfélaga valda meira ójafnvægi en réttindi eldri sjóðfélaga
 - Réttindi hjá 25 ára sjóðfélaga eru 19% hærri en virði iðgjalds, en hjá 60 ára sjóðfélaga eru þau 9% hærri en virði iðgjalds



Jöfn réttindaávinnsla **fyrir og eftir** hækkun lífaldurs

Dæmi



Möguleg viðbrögð við hækkandi lífaldri

- Sjóðir geta ekki breytt iðgjaldagreiðslum
- Sjóðir geta breytt:
 1. Árlegri fjárhæð eftirlauna
 2. Fjölda eftirlaunaára með því að seinka viðmiðunaráldri á lífeyristöku
- Báðar leiðir koma á sama stað niður fyrir sjóðfélaga þar sem áfram er sveigjanleiki með lífeyristöku frá 60 ára aldri
- Lífeyrissjóðir eru almennt að velja leið **1**



Framtíðarvirði
iðgjalds

=

Árleg fjárhæð
eftirlauna × Fjöldi ára á
eftirlaunum



Aldurstengd réttindaávinnsla

Breyting á framtíðarávinnslu

- Ný réttindatafla: Fjárhæðir lækka í takt við fjölgun eftirlaunaára
- Óbreyttur 67 ára viðmiðunaraldur
- Fjöldi eftirlaunaára því mismunandi eftir árgöngum
- Eftirlaunagreiðslur á ári lækka í samræmi við fjölgun eftirlaunaára hjá hverjum árgangi
- Lækkunin er aldursháð, að meðaltali 11,5% yfir allan sjóðfélagahópinn, til að heildareftirlaun allra árganga verði aftur í samræmi við framtíðarvirði iðgjalds



Sjóðfélagi getur valið að seinka eftirlaunatöku til þess að fá sömu árleg eftirlaun og hann hefði fengið við 67 ára aldur fyrir breytingar vegna hækkandi lífaldurs

Aftur að henni Jónu


- Jóna heldur áfram að greiða í **aldurstengda ávinnslu** frá síðustu áramótum til 67 ára eða í 17 ár
- Fyrir breytingar á lífslíkum hefði framtíðarávinnsla Jónu næstu 17 árin verið reiknuð út frá eldri réttindatöflu og áætlað að hún verði á eftirlaunum í 19,9 ár og réttindi hennar eftirfarandi:

Aldur við ávinnslu	Heildareftirlaun yfir ævina	Árafjöldi eftirlauna	Mánaðarleg eftirlaun frá 67 ára skv. eldri lífslíkum
50 – 67 ára	36,2 m.kr.	19,9	= 151.800 kr.

- Við breytingarnar um áramótin, þá reiknast framtíðarávinnslan út frá nýrri réttindatöflu sem endurspeglar lengri lífaldur og verður ávinnslan því eftirfarandi:

Aldur við ávinnslu	Heildareftirlaun yfir ævina	Árafjöldi eftirlauna	Mánaðarleg eftirlaun frá 67 ára skv. nýjum lífslíkum
50 – 67 ára	36,5 m.kr.	22,5	= 135.348 kr.

- Heildarréttindi Jónu eru ekki að lækka en mánaðarleg fjárhæð lækkar þar sem heildarréttindum er dreift yfir lengri tíma



Jöfn réttindaávinnsla

Breyting á framtíðarávinnslu

- Nýr réttindastuðull: Jöfn ávinnsla lækkar í takt við meðalfjölgun eftirlaunaára og er sú lækkun 11,5%
- Samhliða var réttindastuðull uppfærður miðað við 67 ára viðmiðunaraldur til að fylgja eftir lagabreytingunum 2017, og innleiddir nýir frestunar- og flýtingarstuðlar reiknaðir út frá nýjum lífslíkum
- Nýr réttindastuðull á framtíðarávinnslu er 1,98% miðað við 67 ára í stað 1,9% miðað við 65 ára
 - Ávinnsla fyrir hvert 10.000 króna iðgjald lækkar þá úr kr. 1.446 kr. í 1.277 kr. miðað við eftirlaunagreiðslur frá 67 ára aldur



Sveigjanleiki á lífeyristöku frá 60-80 ára verður áfram til staðar

Aftur að henni Jónu


- Jóna heldur áfram að greiða í **jafna ávinnslu** frá síðustu áramótum til 65 ára eða í 15 ár
- Fyrir breytingar á lífslíkum hefði framtíðarávinnsla Jónu næstu 15 árin verið reiknuð út frá eldri réttindastuðli og áætlað að hún verði á eftirlaunum í 21,9 ár og réttindi hennar eftirfarandi:

Aldur við ávinnslu	Heildareftirlaun yfir ævina	Árafjöldi eftirlauna	Mánaðarleg eftirlaun frá 65 ára skv. eldri lífslíkum
50 – 65 ára	48,6 m.kr.	21,9	= 185.000 kr.

- Við breytingarnar um áramótin reiknast framtíðarávinnslan hennar út frá nýjum réttindastuðli sem endurspeglar lengri lífaldur og verður ávinnslan því eftirfarandi:

Aldur við ávinnslu	Heildareftirlaun yfir ævina	Árafjöldi eftirlauna	Mánaðarleg eftirlaun frá 65 ára skv. nýjum lífslíkum
50 – 65 ára	49,6 m.kr.	24,5	= 169.000 kr.

- Heildarréttindi Jónu eru ekki að lækka en mánaðarleg fjárhæð lækkar þar sem heildarréttindum er dreift yfir lengri tíma



Breyting á framtíðarávinnslu í jafna réttindakerfinu

Nýr réttindastuðull eykur réttindaávinnslu hjá tveimur sjóðfélagahópum

Hærrí framtíðarávinnsla hjá sjóðfélögum eftir 65 ára

- Fyrir breytingu var ávinnsla iðgjalds 1,9% hjá 65 ára og eldri og bar engan ávinning af frestun eftirlaunatöku
 - Hvert 10.000 króna iðgjald gaf 1.226 krónur í árleg eftirlaun
- Eftir breytinguna er ávinnslan 1,98% af mánaðarlaunum
 - Hvert 10.000 króna iðgjald gefur 1.277 krónur í árleg réttindi frá 67 ára aldri (4,16% aukning)

Hærrí framtíðarávinnsla samhliða eftirlaunagreiðslum

- Fyrir breytingu var ávinnsla iðgjalds 0,95% samhliða töku eftirlauna og bar ekki ávinning þar sem eftirlaunataka er hafin
 - Hvert 10.000 króna iðgjald gaf 613 krónur í árleg eftirlaun
- Eftir breytinguna er ávinnslan 0,99% af mánaðarlaunum
 - Hvert 10.000 króna iðgjald gefur 639 krónur í árleg réttindi (4,24% aukning)

Nýir frestunar- og flýtingarstuðlar

milli 60 og 70 ára í jafna réttindakerfinu

Stuðlar fyrir breytingar:

Upphaf lífeyristöku	Á áunnin réttindi til 65 ára
60	-30%
61	-24%
62	-18%
63	-12%
64	-6%
65	1
66	9%
67	18%
68	27%
69	36%
70	45%


Stuðlar eftir breytingar:

Upphaf lífeyristöku	Á réttindi áunnin til 31.12.2022	Á réttindi áunnin frá 1.1.2023
60	-25,1%	-34,5%
61	-20,9%	-30,8%
62	-16,3%	-26,8%
63	-11,3%	-22,4%
64	-5,8%	-17,6%
65	1	-12,5%
66	6,9%	-6,5%
67	14,3%	1
68	22,5%	7,2%
69	31,5%	15,1%
70	41,6%	23,9%

- Frestunarstuðlar frá 70 til 80 ára hafa verið sambærilegir frestunarstuðlum í aldurstengdri ávinnslu síðan 2017

Endurútreikningur á áunnum réttindum

í jafnri og aldurstengdri réttindaávinnslu



- Endurreikna þarf áunnin réttindi til að koma áföllnum skuldbindingum aftur í sama horf og þær voru fyrir breytingar á lífslíkum sjóðfélaga
- Endanleg útfærsla er enn í vinnslu hjá LSR
- Stefnt er á að breyting á áunnum réttindum sjóðfélaga taki gildi á vormánuðum




Áunnin réttindi sjóðfélaga í jafnri réttindaávinnslu sem höfðu náð 60 ára aldri þann 1.6.2017 og/eða voru orðnir lífeyrisþegar á þeim tíma munu ekki breytast þar sem réttindi þeirra njóta bakábyrgðar ríkisins

Samantekt

Samantekt

- Réttindin eru jafn verðmæt í heildina. Sjóðfélagi fær jafn mikið í heildina en vegna lengri lífaldurs dreifast réttindin á fleiri eftirlaunaár.
- Ef ekki er brugðist við hækkandi lífaldri nú þá myndast halli á sjóðnum og samkvæmt lögum er skylda að bregðast við ef hallinn fer út fyrir tiltekin mörk. Þess vegna þarf að fara í þessar breytingar nú.





Áhrif samþykktabreytinga á stöðu LSR-A deildar

- Benedikt Jóhannesson,
tryggingastærðfræðingur sjóðsins
- Talnakönnun hf.
- Hilton hóteli 22.2.2023



Nokkur hugtök

Lífeyrisréttindi skiptast í fortíðarréttindi og framtíðarréttindi

FORTÍÐIN

- Fyrir þau ár **sem liðin eru** hafa sjóðfélagar áunnið sér réttindi miðað við þá réttindainnvinnslu sem gildi á hverjum tíma.
- Þessi réttindi eru kölluð:
- **Áunnin réttindi**

FRAMTÍÐIN



- Fyrir þau ár **sem óliðin eru** munu sjóðfélagar vinna sér inn réttindi miðað við þá réttindatöflu sem mun gilda á hverjum tíma.
- Þessi réttindi eru kölluð:
- **Framtíðarréttindi**

Áunnin réttindi + Framtíðarréttindi = Heildarréttindi

Jöfn og aldursháð innvinnsla



Samanburður á jafri ávinnslu og aldursháðri – innvinnsla réttinda við 67 ára eftirlaun - miðað við 10 þúsund króna iðgjald



Samanburður á réttindum

Í jafnri og aldursháðri ávinnslu

Jöfn ávinnsla alla starfsævi


- Fram til fertugs vinnur fólk sér inn minni réttindi en í aldursháðri innvinnslu. Áfallin staða sjóðsins í plús
- Eftir fertugt vinnur fólk sér inn meiri réttindi en í aldursháðri innvinnslu. Framtíðarstaða sjóðsins í mínus

Aldurstengd ávinnsla alla starfsævi

- Meiri réttindi fyrir þá sem yngstir eru vegna þess að þau munu ávaxtast lengst
- Áfallin staða sjóðsins verður í jafnvægi
- Framtíðarstaða sjóðsins líka í jafnvægi

Í A-deild er enn mikill meirihluti í jafnri ávinnslu


Áhrif breytinga á tryggingafræðilega stöðu



Staðan var komin niður fyrir -10% í lok september

Stjórn sjóðsins var skylda að bregðast við ef staðan hefði verið þannig í árslok

- Í lok árs 2021 hefði heildarstaða sjóðsins verið jákvæð um 5,6% samkvæmt fyrri lífslíkum
- Staða sjóðsins versnaði um 8-9% þegar nýjar lífslíkur voru teknar upp og var orðin neikvæð í upphafi árs 2022
- Neikvæð ávöxtun á mörkuðum varð til þess að staðan versnaði um 9% fram til loka september 2022. Hún var þá orðin meira en 10% í mínus. Hefði staðan verið þannig í árslok hefði sjóðurinn verið skyldugur að lækka réttindi.
- Staðan eftir breytingar er í mínus 7,0 en ef staðan fer niður fyrir mínus 5,0% í fimm ár er lagaskylda að lækka réttindi.
- Síðasta skref þar sem áunnin réttindi verða endurreiknuð miðað við að sjóðfélagar lifi lengur er í vinnslu. Þegar því verður lokið ætti staða sjóðsins að vera milli 0% og mínus 5%. – **Komin af hættusvæði**







Númer fundarins á Slido.com: #3410307